

Nd.

517. Nefndarálit

[77. mál]

um frv. til laga um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta. Minni hlutinn vill samþykkja frumvarpið og mun skila séráliti, en undirritaður meiri hluti nefndarinnar er frumvarpinu andvígur.

Leitað hefur verið umsagnar ýmissa félagssamtaka.

Sjómannasamband Íslands telur frumvarpið tímabært og athyglisvert til umræðna, en það sé þó margt, sem þurfi nánari athugunar við, og treystir sér ekki til að mæla með frumvarpinu.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur fráleitt að stofna til slíkrar útgerðar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og það mælir gegn því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþýðusamband Íslands mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins og rökstyður það á ýmsan hátt, en telur þó, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins þurfi að ákvarða í samræði við reyndustu menn í sjómannastétt, en mælir að öðru leyti með afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna mælir gegn samþykkt frumvarpsins. Telur það, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa með höndum atvinnurekstur. Telur einnig, að þar sem ástæða er til að auka útgerð, eigi að auðvelda einstaklingum og félögum að festa kaup á nýjum skipum og bæta rekstraraðstöðu þeirra.

Eins og fyrr segir, er meiri hluti nefndarinnar andvígur frumvarpinu, en telur hins vegar, að ríkisvaldið eigi að stuðla að hæfilegri aukningu fiskiskipaflorens með hagkvæmum lánnum, er fjárfestingarsjóðir veiti þeim aðilum, sem hafa bæði vilja og getu til að ráðast í slíkan rekstur. Þetta hefur verið gert á undanförunum árum, þótt bolfiskveiðiflotinn hafi gengið nokkuð saman af öðrum ástæðum en þeirri, að eigi væru fyrir hendi lánsmöguleikar til byggingar minni fiskibáta.

Nú hefur fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar verið aukin smíði vélbáta innanlands og lánsmöguleikar í þessu skyni auknir. Þá hefur einnig síðustu mánuðina verið unnið að því fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar að undirbúa kaup á stærri botnvörpuskipum, og teljum við, að innan skamms verði endanleg ákvörðun tekin í því efni.

Með tilliti til þessa teljum við, að ríkisvaldið eigi ekki að hefja útgerðarrekstur í því skyni, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Er það skoðun okkar, að á þeim stöðum, þar sem aukin útgerð er talin líklegasta úrræðið til þess að bæta úr lélegu atvinnuástandi, sé affarasælast að efla framtak þeirra aðila heima fyrir, sem hefja vilja þann atvinnurekstur. Leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, er að framan segir, svo og með hliðsjón af því, að reynslan hefur sýnt, að útgerð skipa, sem lagt hafa upp afla á fleiri stöðum en heimahöfn, er það miklum annmörkum háð, að hún getur ekki talizt haldgott úrræði til þess að bæta úr atvinnuleysi, leggjum við til, að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. apríl 1970.

Birgir Finnsson,
form.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr., frsm.
Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason.